FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1128 **2020/EES/42/12**

frá 1. júlí 2019

um aðgangsrétt að öryggistilmælum og svörum við þeim sem geymd eru í miðlæga, evrópska gagnasafninu og um niðurfellingu ákvörðunar 2012/780/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 ([1]), einkum 4. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 5. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 ([2]) þarf að skrá öll öryggistilmæli og svör við þeim í miðlægt gagnasafn.

2) Miðlæga gagnasafninu, sem um getur í 1. forsendu, er komið á fót með reglugerð (ESB) nr. 376/2014 sem miðlæga evrópska gagnasafninu.

3) Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014 er aðgangur að tilkynningum um atvik, sem eru geymdar í miðlæga, evrópska gagnasafninu, takmarkaður sökum trúnaðareðlis þeirra. Hins vegar eru lögmætir hagsmunir fólgnir í því að veita almenningi aðgang að öllum öryggistilmælum og svörum við þeim sökum hins almenna tilgangs reglugerðar (ESB) nr. 996/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 376/2014 sem felur í sér að fækka slysum og stuðla að miðlun niðurstaðna um flugatvik sem varða öryggi. Slíkir lögmætir hagsmunir hljóta frekari staðfestingu samkvæmt þeirri staðreynd að skýrslur um öryggisrannsóknir, sem fela iðulega í sér öryggistilmæli, eiga að vera opinberar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 996/2010.

4) Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014 á framkvæmdastjórnin að samþykkja fyrirkomulag um stjórnun miðlæga, evrópska gagnasafnsins. Þar sem ekki ætti að vera neinn beinn aðgangur að miðlæga, evrópska gagnasafninu af öryggisástæðum ætti að veita almenningi aðgang að öllum öryggistilmælum og svörum við þeim, sem er að finna í miðlæga, evrópska gagnasafninu, á sérstöku opinberu vefsetri.

5) Ávallt ætti að tryggja og á öllum stigum, að því er varðar geymslu, vinnslu og skipti á gögnum, að skyldan um vernd persónuupplýsinga, sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([3]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([4]), sé virt.

6) Fella ætti niður ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/780/ESB ([5]) og í stað hennar ætti að koma þessi ákvörðun en í samanborið við ákvörðun 2012/780/ESB ætti með henni ekki einungis að koma á opinberum aðgangi að öryggistilmælum heldur einnig að svörum þeirra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 112. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 122, 24.4. 2014, bls. 18.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. desember 2012 um aðgangsrétt að miðlægu evrópsku gagnasafni um öryggistilmæli og svör við þeim sem komið var á fót með 5. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtíð. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 46).

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 ([6]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um ráðstafanir varðandi stjórnun miðlæga, evrópska gagnasafnsins, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014, að því er varðar aðgang að öryggistilmælum, í skilningi 15. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010, og svörum við þeim sem eru skráð skv. 3. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Staða öryggistilmæla og svara við þeim

Öll öryggistilmæli og svör við þeim, sem er að finna í miðlæga, evrópska gagnasafninu, skulu gerð aðgengileg almenningi á opinberu vefsetri sem framkvæmdastjórnin skal stofna og stýra.

3. gr.

Vernd persónuupplýsinga

Vinnsla persónuupplýsinga innan ramma þessarar ákvörðunar skal vera í samræmi við reglugerðirnar (ESB) 2016/679 og (ESB) 2018/1725.

4. gr.

Trúnaðarkvöð

Svör við öryggistilmælum, sem eru birt í samræmi við þessa ákvörðun, skulu ekki fela í sér neinar trúnaðarupplýsingar. Aðildarríkin skulu setja viðeigandi málsmeðferðarreglur þess efnis.

5. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2012/780/ESB er felld úr gildi.

6. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 1. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).